



Reykjavík, 20. janúar 2014

Niðurstaða athugunar á fjárfestingum Lífeyrissjóðs Vestfirðinga

Á þriðja ársfjórðungi 2013 hóf Fjármálaeftirlitið athugun á fjárfestingum Lífeyrissjóðs Vestfirðinga með það að markmiði að kanna hvort fjárfestingar sjóðsins rúmuðust innan heimilda laga og hvort flokkun fjárfestinga í skýrslum sjóðsins til Fjármálaeftirlitsins um sundurliðun fjárfestinga væri rétt. Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins lá fyrir þann 6. janúar 2014.

Athugun Fjármálaeftirlitsins var byggð á skýrslum lífeyrissjóðsins um sundurliðun fjárfestinga miðað við stöðu þeirra þann 30. júní 2013 og öðrum gögnum sem Fjármálaeftirlitið aflaði hjá sjóðnum um stöðu fjárfestinga hans á þeim tímapunkti.

Niðurstaða athugunarinnar var að flokkun eigna lífeyrissjóðsins í skýrslum um sundurliðun fjárfestinga væri ekki í nægjanlega góðu horfi. Sem dæmi voru tilteknar eignir lífeyrissjóðsins í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, eins og hlutir í fagfjárfestasjóðum, flokkaðar ranglega sem hlutir í verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum, og öfugt. Þá voru tiltekin óskráð verðbréf færð sem skráð verðbréf og tiltekin veðskuldabréf flokkuð sem fasteignatryggð skuldabréf en þau bar að færa sem óskráð önnur verðbréf vegna veðsetningarhlutfalls þeirra.

Fjárfestingar lífeyrissjóðsins voru almennt innan heimilda laga að því undanskyldu að röng flokkun fjárfestinga varð þess valdandi að fjárfestingar lífeyrissjóðsins í sjóðum sem ekki lúta opinberu eftirliti fóru framyfir leyfileg mörk samkvæmt lögum.

Athugunin leiddi ennfremur í ljós að eignastýring verðbréfasafna lífeyrissjóðsins er að hluta til í höndum starfsmanna sjóðsins. Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við það þar sem hvorki framkvæmdastjóri né aðrir starfsmenn sjóðsins hafa lokið prófi í verðbréfavíðskiptum en slíkt próf er forsenda þess að lífeyrissjóður geti sinnt eignastýringu verðbréfasafna sinna.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að lífeyrissjóðurinn gripi til ráðstafana þannig að upplýsingagjöf sjóðsins til Fjármálaeftirlitsins og utanumhald fjárfestinga og eigna hans yrði með fullnægjandi hætti í framtíðinni. Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því við stjórn sjóðsins að hún fæli innri endurskoðanda að yfirfara úrbætur í kjölfar athugunarinnar og skila Fjármálaeftirlitinu skýrslu þess efnis eigi síðar en 21. mars 2014.